

LÆKNISSKOÐUN FARMANNA

Leiðbeiningar Samgöngustofu um læknisskoðun farmanna, útgáfu heilbrigðisvottorðs og viðurkenningu lækna í samræmi við kröfur alþjóðlegu STCW-samþykktarinnar



Jákvæðni Fagmennska Traust Virðing

Efnisyfirlit

Formáli	2
1. kafli – Heilbrigði farmanna	3
1.1 Tilgangur læknisskoðunar farmanna	3
1.2 Starfsaðstæður farmanna	4
1.3 Lög, reglugerðir og alþjóðleg viðmið	4
1.3.1 STCW-samþykktin og Manila-breytingarnar	4
1.3.2 Lög um áhafnir nr. 76/2001	5
1.3.3 Reglugerð nr. 676/2015	5
1.3.4 Ítarefni ILO/WHO	7
1.4 Störf og ábyrgð farmanna	7
2. kafli – Stjórnsýsla	9
2.1 Viðurkenndir læknar	9
2.1.1 Skilyrði viðurkenningar	9
2.1.2 Lækningaleyfi og aðstaða	10
2.1.3 Leiðbeiningar Samgöngustofu um læknisskoðun farmanna og útgáfa heilbrigðisvottorða samkvæmt gæðakerfi Samgöngustofu	10
2.1.4 Þagnarskylda	11
2.1.5 Afturköllun viðurkenningar	11
2.1.6 Gildistími viðurkenningar	12
2.2 Stjórnsýslulög, málsmeðferð	12
2.2.1 Kæranleiki ákvarðana, réttur á rökstuðningi og andmælum	12
3. kafli – framkvæmd læknisskoðana	17
3.1 Hlutverk læknis	17
3.2 Heilsufarsskilyrði	17
3.3 Framkvæmd mats á heilbrigði	18
3.4 Notkun hjálpartækja	20
4. kafli - Heilbrigðiskröfur og leiðbeiningar fyrir lækna	20

Formáli

Viðurkenning sjómannaþækna er nýjung í samræmi við kröfur alþjóðlegru STCW-samþykktarinnar. Þessar leiðbeiningar eru afrakstur vinnu Samgöngustofu til að Ísland standist þær kröfur.

Er hér um að ræða fyrstu útgáfu leiðbeininga af þessu tagi og jafnframt í fyrsta sinn sem búið er til kerfi fyrir viðurkenningu sjómannaþækna. Næsta víst er að leiðbeiningarnar og kerfið utan um þær munu sæta endurskoðun innan fátta ára. Eins og er tekur krafan um heilbrigðisvottorð frá viðurkenndum lækni aðeins til handhafa alþjóðlegra skírteina en ekki fiskimanna eða handhafa annarra skírteina. Við endurskoðun kerfisins má búast við því að tekið verði til skoðunar hvort að krafan skuli ná til fleiri sjófarenda.

Við móttun kerfis Samgöngustofu um viðurkennda lækna var litið til framkvæmdar nágrannaþjóða Íslands, aðallega Noregs, Danmerkur og Bretlands. Þá var rætt við Landlækni og Læknafélag Íslands um verkefnið. Komu margvíslegar góðar ábendingar fram í þeim samtölum.

Eingöngu viðurkenndir læknar mega gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt STCW.

Um kröfur til þess að hljóta viðurkenningu Samgöngustofu sem sjómannaþeknir er fjallað í 2. kafla. Að svo stöddu er ekki gerð krafa um að hafa lokið sérstöku námskeiði í sjómannaþekningum. Farið er fram á að umsækjendur séu handhafa lækningaleyfis frá Landlækni og skuldbindi sig til að kynna sér og vinna samkvæmt leiðbeiningarefni Samgöngustofu um læknisskoðun sjófarenda sem og leiðbeiningarefnis Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um læknisskoðun sjóferenda. Í því felst meðal annars að lækni þarf að hafa aðgang að aðstöðu og búnaði til að framkvæma læknisskoðun í samræmi við hinar alþjóðlegru kröfur. Líta ber á leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem hluta þessara leiðbeininga.

1. kafli – Heilbrigði farmanna

1.1 Tilgangur læknisskoðunar farmanna

Starfsumhverfi farmanna og annarra sjómanna er um margt frábrugðið því sem á við um aðrar starfsstéttir. Farmenn upplifa við störf sín umhverfi sem gerir almennt meiri kröfur til heilsufars þeirra heldur en átt getur við um mörg önnur störf. Vinnu-, dvalar- og hvíldarstaður farmanna er á stöðugri hreyfingu sem getur haft veruleg áhrif á líðan og hæfni þeirra til að sinna störfum sínum. Aðstæður um borð í skipum eru að jafnaði þrengri en á öðrum vinnustöðum, sveiflur í umhverfishita geta verið miklar, umhverfishávaði getur verið meiri en yfirleitt í starfsemi í landi, aðstæður geta krafist vinnufatnaðar sem takmarkar hreyfigetu og skerðir vellíðan og félagslega eru farmenn oft einangraðri en fólk sem starfar í landi.

Farmenn eru iðulega við störf fjarri heilsugæslustöðvum, læknum eða sjúkrahúsum og það getur verið talsverðum vandkvæðum bundið að koma þeim farmanni sem veikist eða slasast undir læknishendur með stuttum fyrirvara.

Starfsaðstæður á skipi eru um margt frábrugðnar venjulegum aðstæðum á vinnustað. Þær geta haft áhrif á heilsufar sjómanna sem aftur getur haft þýðingu fyrir öryggi skipsins.

Lög mæla fyrir um að allir þeir sem falla undir lágmarksmönnun skipa skuli vera líkamlega og andlega hæfir til að gegna þeim stöðum sem þeir eru settir til að gegna. T.d. þurfa þeir sem gegna stöðu á stjórnþalli skips og í vélarúmi skips að uppfylla tilteknar kröfur um sjón, heyrn sem og líkamlega og andlega færni.

Erlendis eru dæmi um að skip hafi verið talið óhaffært sökum þess að yfirmenn þess hafi verið heilsufarslega óhæfir til þess að gegna stöðum sínum. Brestur í því að farmaður sé andlega og líkamlega heill getur því mögulega haft þær afleiðingar að skip teljist ekki haffært.

Tilgangur læknisskoðana er að sannreyna, með læknisfræðilegu mati, að farmaður uppfylli tilteknar kröfur um andlegt og líkamlegt heilbrigði og teljist að því leyti hæfur til að gegna stöðu sinni um borð.

Tilgangur með læknisskoðun farmanna er í meginatriðum að leggja mat á hvort farmaður sé:

- Fullkomlega hæfur til þess að hafa fulla og örugga stjórn á skipi.
- Haldinn einhverjum líkamlegum eða andlegum einkennum eða takmörkum sem valda því að hann getur síður sinnt störfum þeim sem honum er ætlað.
- Andlega og líkamlega hæfur til þess að skynja aðsteðjandi hættu, bregðast rétt við og framkvæma af öryggi viðeigandi ráðstafanir í neyðartilvikum.

- Haldinn sjúkdómi eða skertu heilbrigði sem gæti stefnt lífi hans og heilsu í hættu í ljósi þess að starfsvettvangur hans er fjarri þeim stað þar sem lækniaðstoð er í boði.
- Haldinn líkamlegum eða andlegum annmörkum sem mögulegt er að ráða bót á með viðeigandi fyrirbyggjandi eða tímabundnum ráðstöfunum og með það að markmiði að hann þurfi ekki að finna sér annan starfsvettvang af þeim sökum.
- Þrátt fyrir ögn skerta andlega eða líkamlega heilsu, eigi að síður talinn hæfur til að gegna störfum sínum áfram með aðstoð hjálpartækja eða með því að beita öðrum viðeigandi takmörkunum eftir því sem við á.

1.2 Starfsaðstæður farmanna

Við framkvæmd læknisskoðunar farmanna ber að hafa í huga sérstakar starfsaðstæður þeirra.

Störf á sjó eru hættulegri en flest störf í landi og krefjast góðs líkamlegs ásigkomulags þeirra sem þau stunda. Vinnutími er óreglulegur og fellur iðulega ekki vel að eðlilegri lífslukku. Svefn getur vegna aðstæðna verið stopull eða óreglulegur, sem aftur hefur áhrif á árvekni og viðbragðshæfni. Lækniaðstoð er sem fyrr segir iðulega ekki í boði með stuttum fyrirvara og um borð í skipum er aðgangur að sjúkraaðstöðu almennt verulega takmarkaður.

Farmenn um borð í skipi eru hluti af örsamfélagi þar sem aðstæður til þess að bregðast við líkamlegri eða andlegri vanlíðan eru naumar. Hverjum farmanni ber því, í samráði við vinnuveitanda, skylda til að gæta að heilsu sinni, gera varúðarráðstafanir til að tryggja eigin velferð og hæfni til að uppfylla skyldur sínar um borð. Þá ber að hafa í huga að farmenn hafa hlutverki að gegna í neyðaráætlunum skipa sem getur krafist talsverðrar líkamlegrar getu og hæfni. Þannig geta veikindi eins farmanns haft áhrif á öryggi allrar áhafnarinnar.

1.3 Lög, reglugerðir og alþjóðleg viðmið

1.3.1 STCW-samþykktin og Manila-breytingarnar

STCW-alþjóðasamþykktin snýr að menntun, þjálfun, skírteinum og vaktstöðu farmanna á farþega- og flutningaskipum. Ísland hefur verið aðili að samþykktinni frá árinu 1995. Í henni er kveðið á um samræmdar kröfur um hæfni skipstjóra, annarra yfirmanna og farmanna sem gegna tilteknum stöðum um borð í kaupskipum. STCW-samþykktin tók allnokkrum breytingum árið 2010 með hinum svokölluðu Manila-breytingum. Með tilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/106/EB er efni STCW-samþykktarinnar ásamt Manila-breytingunum tekið upp í sambandsrétt. Ísland er bundið af tilskipuninni á grundvelli EES-samningsins.

1.3.2 Lög um áhafnir nr. 76/2001

Lög nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa taka til áhafna allra íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa. Markmið laganna er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Lögin mæla fyrir um að því markmiði skuli náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, vélarafli, verkefni og farsvið. Þá er tilgangur laganna einnig að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður farmanna (STCW) frá 1978.

Samgöngustofa gefur út alþjóðleg atvinnuskírteini og áritanir á erlend atvinnuskírteni samkvæmt lögum um áhafnir. Íslenskur ríkisborgari sem fullnægir skilyrðum laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra um menntun, þjálfun, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn á rétt á því að fá útgefið viðeigandi skírteini sér til handa og starfa samkvæmt því um borð í skipum. Þennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Lögin fela ráðherra að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögnum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður, mönnun skipa og alþjóðlegt öryggisstjórnunarkerfi. Ákvæðin skulu vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins.

1.3.3 Reglugerð nr. 676/2015

Þann 30. júní 2015 tók gildi reglugerð nr. 676/2015 um menntun, þjálfun og atvinnuréttindi farmanna. Við gildistöku reglugerðarinnar féll úr gildi eldri reglugerð sama efnis nr. 416/2003. Reglugerðin er sett á grundvelli laga nr. 76/2001.

Reglugerðin gildir um alþjóðleg atvinnuskírteini sem gefin eru út hér á landi á grundvelli STCW-samþykktarinnar. Þá gildir reglugerðin um áhafnir allra íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, sem skráð eru hér á landi.

Markmið reglugerðarinnar er skilgreint með sama hætti og markmið laga nr. 76/2001, þ.e. að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Skal markmiðinu náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

Í 8. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um heilbrigðiskröfur. Þeir sem bera ábyrgð á því að meta heilbrigði farmanna skulu vera starfandi lækna sem **viðurkenndir eru af Samgöngustofu** (um viðurkenningu lækna er fjallað í 2. kafla). Sérhver farmaður, sem er handhafi réttindaskírteinis eða hæfnisskírteinis, og sem starfar á sjó skal vera handhafi gilds heilbrigðisvottorðs. Til að fá útgefið heilbrigðisvottorð skulu farmenn hafa uppfyllt viðeigandi heilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í reglugerðinni. Gildistími heilbrigðisvottorða skal að hámarki vera tvö ár. Sé farmaður yngri en 18 ára skal hámarksgildistími vera eitt ár.

Með STWC samþykktinni er meðal annars kveðið á um heilbrigði farmanna og viðurkenningu lækna. Ísland er skuldbundið til að uppfylla samþykktina.

Í 12. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um gæðakerfi og gæðastaðla. Öll menntun og þjálfun, hæfnismat, útgáfa atvinnuskírteina, þ.m.t. heilbrigðisvottorð, skulu lúta stöðugu eftirliti viðurkennds gæðakerfis, til að tryggja að þau markmið náist sem hafa verið sett.

Í bráðabirgðaákvæði við reglugerðina er gerð sú krafa að þeir, sem meti heilbrigði farmanna skuli vera lækna sem öðlast hafa viðurkenningu Samgöngustofu. Krafan um viðurkenningu skal vera komin til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2017. Frá þeirri dagsetningu falla niður heimildir annarra lækna til að gefa út heilbrigðisvottorð til farmanna samkvæmt reglugerðinni.

Kröfur um heilbrigði farmanna og viðurkennda lækna eru nánar útfærðar í A- og B hluta II. viðauka við reglugerðina.

A- hluti II. viðauka við reglugerð nr. 676/2015

Í A- hluta II. viðauka við reglugerð nr. 676/2015 kemur fram að farmenn skuli fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) hafa líkamlegt atgervi, að teknu tilliti til 5. mgr. hér á eftir, til að uppfylla allar kröfur um grunnþjálfun eins og krafist er í 2. mgr. í þætti A-VI/1 í STCW-kóðanum,
- b) hafa nægilega góða heyrn og talgetu til skilvirkra samskipta og geta numið hvers kyns hljóð-viðvörðunarkerki,
- c) vera ekki haldnir sjúkdómum, röskun eða skerðingu sem hindrar þá í að sinna skyldum sínum eða bregðast við á neyðarstundu um borð í skipi, á gildistíma heilbrigðisvottorðs,
- d) vera ekki haldnir neinum sjúkdómi sem líkur eru á að versni við að starfa á sjó eða valdi því að farmenn séu óhæfir til slíkra starfa eða að þeir stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu og
- e) taka engin lyf með aukaverkanir sem ætla má að skerði dómgreind, jafnvægi, eða komi með einhverjum hætti í veg fyrir að þeir geti sinnt skyldum sínum eða brugðist við á neyðarstundu um borð í skipi.

Viðurkenndir lækna sem búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu skulu framkvæma læknisskoðanir á farmönnum. Samgöngustofa setur verklagsreglur og ferla um viðurkenningu lækna. Stofnunin heldur skrá yfir viðurkennda lækna og gerir hana aðgengilega öðrum aðildarríkjum að STCW-samþykktinni, félögum og farmönnum, sé þess óskað. Í A-hlutanum er enn fremur mælt fyrir um að Samgöngustofa

skuli gefa út leiðbeiningar um framkvæmd læknisskoðana og útgáfu heilbrigðisvottorða, að teknu tilliti til ákvæðanna í B- hluta viðaukans. Um það er vísað í 4. kafla. Þá er mælt fyrir um að Samgöngustofa setji verklagsreglur og ferli til að gera farmönnum, sem samkvæmt undangenginni læknisskoðun uppfylla ekki kröfurnar um líkamlegt atgervi eða hafa sætt takmörkunum um getu til starfa, sérstaklega með tilliti til tíma, starfssviðs eða farsviðs, kleift að láta endurskoða mál sín í samræmi við reglur um áfrýjun sem fjallað er um í 2. kafla.

B- hluti II. viðauka við reglugerð nr. 676/2015

Í B-hluta viðauka II. við reglugerð nr. 676/2015 kemur fram að við innleiðingu krafna og ákvæða um heilbrigði farmanna ætti Samgöngustofa að hafa hliðsjón af leiðbeiningum *ILO/WHO um framkvæmd læknisskoðana farmanna áður en þeir fara á sjó* að meðtöldum öllum síðari útgáfum, og öllum öðrum gildandi alþjóðlegum leiðbeiningum gefnum út af Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, Alþjóðasiglingamálastofnuninni eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. B-hlutinn mælir fyrir um að húsnaði, þar sem læknisskoðanir fara fram, ætti að vera með aðstöðu og hafa búnað sem þarf til að framkvæma læknisskoðanir farmanna.

Í viðaukum við reglugerð og ítarefni ILO/WHO er nánar er fjallað um heilbrigðiskröfur til farmanna og kröfur til viðurkenndra lækna.

1.3.4 Ítarefni ILO/WHO

Í B-hluta II. viðauka við reglugerð nr. 676/2015 kemur fram að við innleiðingu krafna og ákvæða um heilbrigði farmanna ætti Samgöngustofa að hafa hliðsjón af leiðbeiningum ILO/WHO um læknisskoðanir farmanna áður en þeir fara á sjó og reglulegar skoðanir að meðtöldum öllum síðari útgáfum (hér eftir: ítarefni ILO/WHO), og öllum gildandi alþjóðlegum leiðbeiningum gefnum út af Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, Alþjóðasiglingamálastofnuninni eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Í ítarefni ILO/WHO er að finna leiðbeiningar til lögbærra yfirvalda hvað varðar heilbrigðiskröfur til farmanna og viðurkenningu lækna.

1.4 Störf og ábyrgð farmanna

Störf á kaupskipum má skipta í skipstjórnarstörf, vélstjórnarstörf og loks önnur störf þar sem krefjast tiltekinnar menntunar eða þjálfunar. Mismunandi kröfur eru gerðar um lágmarksviðmiðanir um t.d. sjón eftir því hvort um er að ræða skipstjórnarmenn, eða vélstjórnarmenn og aðra í áhöfn skipa.

Skipstjórarmenn:

Skipstjóri er æðsti yfirmaður skips og ber lögum samkvæmt alla ábyrgð á skipi, farmi og farþegum. Skipstjórar bera ábyrgð á stjórn og beitingu skipsins, meðhöndlun farms og stöðugleika, fjarskiptum sem og öryggi og vellíðan farþega og áhafnar. Yfirstýrimaður gengur næst skipstjóra að tign að því er varðar siglingu skipsins og störf á stjórnþalli og er staðgengill skipstjóra. Hann er ábyrgur fyrir daglegum rekstri skipsins og að jafnaði fyrir því sem lýtur að heilbrigði áhafnar og farþega.

Mismunandi heilsufarskröfur eru gerðar til ólíkra starfa um borð í skipum.

Atvinnuskírteini sem gefin eru út til skipstjórnamanna samkvæmt ákvæðum STCW-samþykktarinnar eru:

- a) STCW II/1: Skipstjórnskírteini undirstýrimanns án takmarkana.
- b) STCWII/2 a: Skipstjórnskírteini skipstjóra og yfirstýrimanns til starfa á skipum allt að 3000 BT.
- c) STCW II/2b: Skipstjórnskírteini skipstjóra og yfirstýrimanns til starfa á skipum án takmarkana.
- d) STCW II/3: Skipstjórnskírteini skipstjóra og stýrimanns til starfa á skipum sem eru í innanlandssiglingum eingöngu og sem eru minni en 500BT – 65BT eða 24m.
- e) STCW II/4: Vaktstöðuskírteini til starfa sem aðstoðarmaður á stjórnþalli.
- f) STCW II/5: Sérhæfður þilfarsliði.

Vélstjórarmenn:

Þeir sem sinna vélstjórnarstörfum bera ábyrgð á öllum vélbúnaði skipsins, rafbúnaði, sjálfvirknibúnaði, viðhaldi og viðgerðum á skipinu. Yfirvéltjóri er ábyrgur fyrir öllum vélabúnaði skipsins og telst næstur skipstjóra að tign að því er lýtur að vélstjórn skips. 2. véltjóri (e. second engineer) ber venjulega ábyrgð á daglegum rekstri skipsins að því er varðar vélbúnað og vélakerfi.

Atvinnuskírteini sem gefin eru út til vélstjórnamanna samkvæmt ákvæðum STCW-samþykktarinnar eru:

- a) STCW III/1: Skipstjórnskírteini undirvéltjóra án takmarkana.
- b) STCW III/2 Skipstjórnskírteini yfirvéltjóra og ½ véltjóra án takmarkana.
- c) STCWIII/3 Véltjórnskírteini yfirvéltjóra og ½ véltjóra á skipum með vélarafli allt að 3000 kW.
- d) STCW III/4 Vaktstöðuskírteini til starfa sem aðstoðarmaður í vélarúmi.
- e) STCW III/5 Sérhæfður vélaliði.
- f) STCW III/6 Skiparafvirki.

g) STCW III/7 Aðstoðarmaður skiparafvirkja.

Aðrir í áhöfn:

Hásetar og annað starfslið um borð skulu hafa sótt tiltekin námskeið í notkun björgunar- og öryggisbúnaðar hafi þeir hlutverki að gegna í neyðaráætlun skips. Þeir sem starfa á farþegaskipum og tankflutningaskipum skulu auk þess hafa sótt tiltekin námskeið sem tengjast hlutverki þeirra um borð og þá sérstaklega varðandi hlutverk þeirra á neyðarstundu.

2. kafli – Stjórnsýsla

2.1 Viðurkenndir læknar

Þeir sem bera ábyrgð á því að meta heilbrigði farmanna í samræmi við reglugerð nr. 676/2015 skulu vera starfandi læknar sem viðurkenndir eru af Samgöngustofu eins og fram kemur í 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar. Í A-hluta II. viðauka við reglugerðina kemur fram að viðurkenndir læknar skuli búa yfir nægri þekkingu og reynslu.

[Sótt er um viðurkenningu á vef Samgöngustofu.](#) Fyrir viðurkenningu er tekið gjald sem nemur einni einingu af sérfræðivinnu samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu, 13.700 kr.¹

Viðurkenndum læknum ber að starfa eftir þessum leiðbeiningum auk ítarefnis ILO/WHO.

Viðurkenndir læknar skulu vera algjörlega sjálfstæðir faglega þegar þeir beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við að framkvæma læknissskoðanir. Í leiðbeiningum ILO/WHO er mælt til þess að viðurkenndir læknar séu handhafar leyfis til læknisstarfa útgefna af þar til bæru yfirvaldi, hafi reynslu af störfum á sviði atvinnusjúkdóma eða á sviði heilbrigðis farmanna, hafi þekkingu á þeim sérstöku starfsaðstæðum sem farmenn starfa við, geti boðið upp á viðunandi aðstöðu til að framkvæma læknissskoðanir og séu alfarið sjálfstæðir í störfum sínum.

2.1.1 Skilyrði viðurkenningar

Til að hljóta viðurkenningu Samgöngustofu sem sjómannalæknir þarf læknir að vera handhafi lækningaleyfis og hafa yfir að ráða aðstöðu með viðeigandi búnaði til að framkvæma læknissskoðun í samræmi við gildandi reglur um heilbrigði farmanna.

¹ Gjald miðað við gjaldskrá Samgöngustofu sbr. auglýsingu nr. 338/2015 um gjaldskrá Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Gjaldið miðast við þá gjaldskrá sem í gildi er hverju sinni.

Þá skal læknir lýsa því yfir að hann muni starfa í samræmi við leiðbeiningar Samgöngustofu um læknisskoðun farmanna auk þess sem útgáfa heilbrigðisvottorða skal lúta ákvæðum gæðakerfis Samgöngustofu.

2.1.2 Lækningaleyfi og aðstaða

Gerð er krafa um að umsækjandi um viðurkenningu Samgöngustofu sé handhafi almenns lækningaleyfis samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn og reglugerðum settum á grunni þeirra.

Læknir skal hafa til umráða húsnaði, aðstöðu og allan þann búnað sem þarf til að framkvæma læknisskoðanir farmanna í samræmi við þessar leiðbeiningar og leiðbeiningar ILO WHO.

Til staðar skal að lágmarki vera:

- Hreinleg, rúmgóð og nægilega björt aðstaða með skoðunarbekk.
- Áhöld til að mæla hæð og þyngd og blóðþrýsting.
- Snellentafla til sjónskoðunar og aðstaða skv. fyrirmælum framleiðanda.
- Ishiara litgreiningarkort.
- Viðurkenndur búnaður til heyrnarmælingar (audiometry).
- Viðurkenndur búnaður til öndunarmælinga (spirometry).
- Aðstaða til prófunar á líkamlegri færni og styrk.
- Aðgangur að sjúkraskýrslu viðkomandi farmanns.
- Aðstaða til prófunar á líkamlegri færni og styrk getur verið rimlastigi, bekkur eða kollur til að stíga upp á.

Í umsókn um viðurkenningu skal gera grein fyrir þeirri aðstöðu sem læknir hefur yfir að ráða eða aðgang að.

2.1.3 Leiðbeiningar Samgöngustofu um læknisskoðun farmanna og útgáfa

heilbrigðisvottorða samkvæmt gæðakerfi Samgöngustofu

Umsækjandi skal kynna sér og skuldbinda sig til að starfa í samræmi við þau lög og reglur sem gilda um áhafnir skipa og um heilbrigðiskröfur farmanna. Hann skal jafnframt hafa kynnt sér leiðbeiningarefni Samgöngustofu um læknisskoðun farmanna. Þessu til staðfestingar skal læknir staðfesta yfirlýsingu þess efnis að hann hafi kynnt sér og muni starfa eftir ákvæðum gildandi laga og reglna og samkvæmt leiðbeiningarefni Samgöngustofu.

**Auk lækningaleyfis þarf viðurkenndur læknir að hafa tiltekna
aðstöðu til umráða og hafa skuldbundið sig til að vinna
samkvæmt gæðakerfi Samgöngustofu.**

Útgáfa lænisvottorða skal lúta sömu skilyrðum og útgáfa annarra skírteina samkvæmt ákvæðum STCW-samþykktarinnar. Útgáfan lýtur ákvæðum gæðakerfis Samgöngustofu. Í því felst að:

- a. Læknir skal staðfesta með yfirlýsingu að læknisvottorð sé fyllt út á fullnægjandi hátt og samkvæmt bestu vitund.
- b. Læknir skal fylla út matsskýrslu á heilbrigði farmanns á eyðublað sem Samgöngustofa gefur út og þar sem læknir færir inn niðurstöður og mat á heilbrigði farmanns.
- c. Læknisvottorð skulu gefin út fyrir hverja komu farmanns til skoðunar, óháð niðurstöðu skoðunarinnar. Leiði skoðun á heilbrigði farmanns til þeirrar niðurstöðu að farmaður telst ekki að fullu hæfur til þess að gegna þeirri stöðu sem hann á rétt til samkvæmt atvinnuréttindaskírteini skal eigi að síður gefa út læknisvottorð um að umsækjandi sé ekki talinn hæfur til starfa á sjó eða ekki hæfur til þess að gegna að fullu og öllu leyti þeirri stöðu sem réttindaskírteini hans veitir honum rétt til. Sjá nánar kafla 3.5.

2.1.4 Þagnarskylda

Viðurkenndir læknar og starfsfólk Samgöngustofu eru bundin þagnarskyldu um atriði sem þau fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara, þar með talið upplýsingar um heilsufar einstaklinga. Skylt er að gæta þagnarskyldu um heilsufar viðkomandi, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar. Rétt er að árétta að um mjög alvarleg atvik þarf að vera að ræða til að réttlæta rof á þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

2.1.5 Afturköllun viðurkenningar

Uppfylli læknir ekki lengur skilyrði viðurkenningar, fellur viðurkenning hans þegar úr gildi.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, er hlutverk landlæknis að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir veitir starfsleyfi til einstaklinga sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða til notkunar starfsheita löggiltra heilbrigðisstétta. Landlæknir getur m.a. krafist þess að heilbrigðisstarfsmaður gangist undir rannsókn sérfræðinga til að meta hvort hann sé hæfur til að gegna starfi sínu. Þá innihalda lögin tiltekna málsmeðferðarreglur um sviptingu leyfis. Verði læknir af einhverjum ástæðum sviptur leyfi landlæknis, fellur viðurkenning Samgöngustofu þegar úr gildi.

Uppfylli læknir af einhverjum ástæðum ekki önnur framangreind skilyrði viðurkenningar, t.d. ef sýnt er að hann hafi ekki upp á að bjóða aðstöðu til að framkvæma skoðun, starfi ekki samkvæmt leiðbeiningum Samgöngustofu eða sé ófær um að gefa út skírteini samkvæmt gæðakerfi, getur Samgöngustofa afturkallað viðurkenningu læknis.

2.1.6 Gildistími viðurkenningar

STCW-samþykktin gerir ekki kröfu um að viðurkenning lækna sé bundin tilteknum gildistíma. Er því ekki gert ráð fyrir að viðurkenning lækna sé bundin tímamörkum. Samþykktin kann þó að taka breytingum hvað þetta varðar og er því ekki útilokað að í framtíðinni verði sett regla um gildistíma þessara viðurkenninga.

2.2 Stjórnsýslulög, málsmeðferð

2.2.1 Kæranleiki ákvarðana, réttur á rökstuðningi og andmælum

Þegar læknir hlýtur viðurkenningu Samgöngustofu hefur honum þar með verið fengið vald til að taka ákvörðun um rétt eða skyldu umsækjanda. Viðurkenndir læknar gefa út heilbrigðisvottorð fyrir hönd Samgöngustofu og ákvörðun þeirra um útgáfu heilbrigðisvottorðs er kæranleg. Um slíka ákvörðun gilda því meginreglur stjórnsýsluréttar.

Viðurkenndir læknar ættu því að þekkja reglurnar sem gilda um meðferð stjórnsýslumála og ætlast er til þess að þeir hafi þær reglur í heiðri í störfum sínum.

Viðurkenndir læknar eru bundnir af stjórnsýslulögum.

Þegar stjórnvöld, eða aðrir sem stjórnvöld hafa framselt ákvörðunarvald, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna kallast það stjórnvaldsákvarðanir og um feril slíkra ákvarðana gilda stjórnsýslulög nr. 37/1993. Eftirfarandi úrdráttur ú stjórnsýslulögunum og greinargerð með þeim er ekki tæmandi umfjöllun². Tilgangurinn er að veita yfirsýn um þau atriði sem viðurkenndum læknum ber að hafa í huga við framkvæmd starfa sinna.

Hæfi - vanhæfi

Ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga fjalla um sérstakt hæfi starfsmanna til að hafa mál til meðferðar. Viðurkenndur læknir má ekki vera tengdur farmanni/umsækjanda læknisvottorðs með þeim hætti að leiði til vanhæfis samkvæmt stjórnsýslulögum.

Viðurkenndur læknir getur verið vanhæfur til að gefa út heilbrigðisvottorð vegna tengsla við farmann.

Af 1. – 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga verður ráðið að viðurkenndur læknir sér vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

² Þingskjal 505. (1992-1993) Frumvarp til stjórnsýslulaga.

Umboðsmaður aðila telst sá sem kemur fram í máli fyrir hönd aðila á grundvelli sérstaks umboðs sem veitt er í tilefni af meðferð hlutaðeigandi stjórnsýslumáls. Læknir, sem aðstoðað hefur aðila við undirbúning eða meðferð máls umfram leiðbeiningarskyldu (sem fjallað verður um síðar), svo og öðrum ákvæðum laga, telst ekki umboðsmaður í skilningi 1. tölul. Hann gæti hins vegar orðið vanhæfur á grundvelli 6. tölul. 1. mgr.

Aðeins fyrirvars- eða umboðsmenn aðila í því máli, sem til umfjöllunar er, falla undir 1. tölul. Fyrirverandi fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila í öðrum málum fellur því ekki undir 1. tölul., en gæti hins vegar fallið undir 6. tölul.

2. *Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.*

Ef læknir er tengdur eða skyldur aðila með þeim hætti, sem segir í 2. tölul., ber honum að víkja sæti. Fjarlægari skyldleiki og mægðir við aðila en upp eru talin í 2. tölul. valda almennt ekki vanhæfi komi þar ekkert annað til.

Ef læknir er skyldur aðila í beinan legg telst hann vanhæfur. Hér falla annars vegar undir faðir og móðir, afi og amma, langafi og langamma o.s.frv. og svo hins vegar börn, barnabörn og barnabarnabörn o.s.frv.

Læknir er vanhæfur til meðferðar máls ef hann er skyldur aðila svo náði sem að öðrum lið til hliðar. Þegar skyldleiki að öðrum lið til hliðar er reiknaður út er talið frá afa eða ömmu, allt að öðrum lið til hliðar. Læknir er því t.d. vanhæfur til þess að fara með mál þar sem aðili máls er systkinabarn hans eða skyldur honum nánar, svo sem systkini eða föðurbróðir hans. Hins vegar væri lækni ekki skylt að víkja sæti skv. 2. tölul. í máli afa- eða ömmusystkina sinna og barna þeirra.

Mægðir teljast einnig valda vanhæfi skv. 2. tölul. Læknir er vanhæfur ef aðili er mægður honum í beinan legg. Læknir er því t.d. vanhæfur í máli tengdaforeldra sinna. Þá tekur ákvæðið um mægðir einnig til skyldmenna maka að öðrum lið til hliðar. Læknir má því ekki fara með mál bróður eða systur maka síns eða barna þeirra né heldur föður- eða móðurbróður maka síns eða barna þeirra. Mægðir haldast að lögum enda þótt sá sem er tengiliður í mægð sé látinn eða skilinn.

Þá er læknir vanhæfur í máli maka síns eða fyrirverandi maka síns.

3. *Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.*

Um skýringu á 3. tölul. má vísa til 1. og 2. tölul. hér að framan.

4. *Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.*

Meginreglan í 4. tölul. er sú að sé stjórnýslusamband á milli tveggja starfa þar sem undir annað starfið getur fallið að hafa eftirlit eða endurskoðun í þágu réttaröryggis á þeim málum, sem falla undir hitt starfið, sé maður vanhæfur til að fjalla um sama mál í báðum þessum störfum.

Þannig væri viðurkenndur læknir vanhæfur til að fjalla um eigin mál á kærustigi hjá Samgöngustofu.

5. *Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.*

Í 5. tölul. kemur og fram að það valdi vanhæfi varði mál persónulega og verulega næstu yfirmenn hans. Rökin að baki þessu ákvæði eru þau að almennt má búast við því að starfsmaður geti ekki verið hlutlaus og óhlutdrægur þegar yfirmaður hans hefur verulegra persónulegra hagsmuna að gæta þar sem starfsmaður er á vissan hátt háður yfirmanni sínum. Með orðunum „næstu yfirmenn“ er vísað til þess að ákvæðið taki aðeins til yfirmanna starfsmanns hjá hlutaðeigandi stofnun eða embætti. Þegar mál varðar mjög nána samstarfsmenn læknis verulega verður hann ekki vanhæfur á grundvelli 5. tölul. Hins vegar gæti hann orðið vanhæfur á grundvelli 6. tölul. í slíkum tilvikum.

6. *Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.*

Þar sem tæknilega er ómögulegt að tilgreina tæmandi allar vanhæfisástæður með hlutlægum hæfisreglum er þörf á þeirri matskenndu hæfisreglu sem fram kemur í 6. tölul. Segja má að reglan í 6. tölul. sé grunnreglan um sérstakt hæfi, en aðrar reglur 1.–5. tölul. nánari útfærsla á henni. Svo læknir teljist vanhæfur á grundvelli hinnar matskenndu hæfisreglu 6. tölul. verður hann að hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins, svo sem ágóða, tap eða óhagræði. Hér koma einnig til skoðunar hagsmunir venslamanna og annarra þeirra sem eru í svo nánnum tengslum við lækni að almennt verður að telja hættu á að þau geti haft áhrif á hann. Þá verður eðli og vægi hagsmunanna að vera þess háttar að almennt verði talin hættu á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun málsins. Af framansögðu má því ljóst vera að meðal þess sem meta verður hverju sinni, miðað við allar aðstæður, er hvort hagsmunirnir eru einstaklegir, hversu verulegir þeir eru og hversu náið þeir tengjast læknum og úrlausnarefni málsins. Til að mynda verður að teljast að trúnaðarlæknir útgerðar geti ekki talist hæfur til að fara með mál starfsmanns útgerðarinnar.

7. Sérstaklega um heimislækna

Sérstakt álitaefni er hvort að líta beri á heimislækni farmanns sem vanhæfan. Fyrir því má nefna ýmis rök, t.a.m. að tengsl heimislæknis við skjólstaðing sinn séu slík að líkur séu á að það valdi vanhæfi. Á móti má segja að heimislæknir þekki manna best heilsufar skjólstaðinga sinna og sé þannig best til þess fallinn að leggja faglegt mat á heilsufar sjúklinga.

Að mati Samgöngustofu er ekki tilefni til að setja fram reglu um að heimilislæknir farmanns teljist vanhæfur til að gefa út læknisvottorð. Hins vegar ber viðurkenndum læknum ávallt að leggja mat á eigið hæfi til að fara með mál hvers farmanns fyrir sig.

Leiðbeiningarreglan

Viðurkenndum lækni ber að veita umsækjanda um læknisvottorð farmanna nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi umsókn sína.

Veita ber leiðbeiningar um það hvaða réttarreglur gilda á viðkomandi sviði, hvernig meðferð mála er venjulega hagað, hvaða gögn aðila ber að leggja fram, hversu langan tíma það tekur venjulega að afgreiða mál o.s.frv.

Málshraðareglan

Ákvarðanir skulu teknar svo fljótt sem auðið er. Mál geta tafist af ýmsum orsökum. Það er ekki útilokað að leita þurfi álits þriðja aðila eða leita eftir frekari upplýsingum um tiltekin atriði. Þá ber að upplýsa umsækjanda um gang málsins og ef fyrirsjáanlegt er að úrlausn þess tefjist og þá hvenær úrlausnar sé að vænta.

Rannsóknarreglan

Viðurkenndum lækni ber að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Áður en ákvörðun er tekin í máli verður að undirbúa málið og rannsaka það með það að markmiði að afla nauðsynlegra upplýsinga um málsatvik. Lækni ber, að eigin frumkvæði, að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun. Í því felst þó ekki að læknir verði sjálfur að afla allra upplýsinga. Læknir getur beint til umsækjanda þeim tilmælum að hann veiti upplýsingar og leggi fram þau gögn sem nauðsynleg eru og með sanngirni má ætla að hann geti lagt fram án þess að það íþyngi honum um of.

Jafnræðisreglan

Við úrlausn mála skulu viðurkenndir læknar gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Mál sem eru sambærileg í lagalegu tilliti skulu hljóta sams konar úrlausn. Í þessu sambandi verður þó að hafa í huga að ekki sé um mismunun að ræða í lagalegu tilliti. Ef mismunur er á úrlausn mála verður sá mismunur að byggjast á frambærilegum og lögmætum sjónarmiðum.

Meðalhöfsreglan

Læknir skal aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar markmiði því sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Hér reynir á sérfræðikunnáttu viðurkenndra lækna en bent er á að lækni ber meðal annars að leggja mat á hvort farmaður sé, þrátt fyrir ögn skerta heilsu, eigi að síður talinn hæfur til að gegna störfum sínum áfram með aðstoð hjálpartækja eða með því að beita öðrum viðeigandi takmörkunum eftir því sem við

á. Þá er einnig gert ráð fyrir því að viðurkenndur læknir geti sett skilyrði eða tímamörk í heilbrigðisvottorð og þannig beitt vægari aðferð en að hafna farmanni útgáfu heilbrigðisvottorði.

Andmælaréttur

Umsækjandi skal eiga þess kost að tjá sig um sitt mál áður en viðurkenndur læknir tekur ákvörðun í því, enda sé slíkt ekki augljóslega óþarfi.

Kjarni andmælareglunnar er að ekki verði tekin ákvörðun um umsækjanda fyrr en honum hafi verið gefinn kostur á því (a) að kynna sér málsgögn og málsástæður sem ákvörðun byggist á og (b) að tjá sig um málið. Í reglunni felst að aðili máls, sem til meðferðar er hjá stjórnvaldi, á að eiga kost á því að tryggja réttindi sín og hagsmuni með því að kynna sér gögn máls og málsástæður er ákvörðun mun byggjast á, leiðrétta fram komnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum um málsatvik áður en stjórnvald tekur ákvörðun í máli hans.

Andmælareglan á ekki aðeins að tryggja hagsmuni aðila. Tilgangur hennar er einnig sá að stuðla að því að mál verði betur upplýst og þannig tengist hún rannsóknarreglunni, þ.e. að stjórnvöld eigi að stuðla að því að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Rökstuðningur

Hafi læknir hafnað umsækjanda um læknisvottorð, getur umsækjandi krafist þess að læknir rökstyðji ákvörðun sína skriflega. Slíka beiðni skal bera upp inni 14 daga frá því að umsækjanda var tilkynnt um neikvæða ákvörðun.

Kæranleiki ákvörðunar

Tilskipun 2008/106/EB mælir fyrir um að Samgöngustofa setji verklagsreglur og ferli til að gera farmönnum sem uppfylla ekki, að undangenginni lækniSSkoðun, kröfurnar um líkamlegt atgervi eða hafa sætt takmörkunum um getu til starfa, sérstaklega með tilliti til tíma, starfssviðs eða farsviðs, kleift að láta endurskoða mál sín í samræmi við reglur um áfrýjun. Þannig er gert ráð fyrir því að farmanni sem er hafnað um læknisvottorð sé mögulegt að kæra þá höfnun til Samgöngustofu.

Ákvörðun viðurkennds læknis getur sætt endurskoðun sé hún kærð.

Ferill máls hjá Samgöngustofu

Ef ákvörðun viðurkennds læknis er kærð til Samgöngustofu fer af stað ferli sem í stuttu máli felst í eftirfarandi:

1. Óskað er eftir umsögn læknis um málið. Læknir skal þá fara yfir málið að nýju og meta hvort ástæða sé til að endurskoða ákvörðun sína, t.d. ef ný gögn hafa borist. Telji læknir ekki ástæðu til að falla frá fyrri ákvörðun, ber honum að rökstyðja þá afstöðu.
2. Umsögn læknis er lögð fyrir kæranda til að gefa færi á að koma að athugasemdum.

3. Samgöngustofa ákvarðar í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Við ákvörðunina leitar Samgöngustofa álits sérfræðinga.

Ákvarðanir Samgöngustofu eru kæránlegar til innanríkisráðuneytisins samkvæmt stjórnsýslulögum. Farmaður sem kært hefur ákvörðun læknis til Samgöngustofu á þannig rétt á að kæra ákvörðun Samgöngustofu til innanríkisráðuneytisins hafi ákvörðun Samgöngustofu ekki verið honum í vil.

3. kafli – framkvæmd læknisskoðana

3.1 Hlutverk læknis

Viðurkenndur læknir skal leggja mat á færni og getu farmanna til að þeir geti, með hliðsjón af réttindum og stöðu, sinnt af öryggi þeim störfum sem þeir kunna að vera settir til að gegna.

Viðurkenndum lækni ber því við læknisfræðilegt mat á heilbrigði farmanns að horfa til þess að farmaðurinn kunni að verða ráðinn til starfa á ýmsar tegundir skipa, með mismunandi farsvið og hlutverk. Gefi niðurstöður könnunar á heilsufari farmanns tilefni til að setja skorður við heimildum farmanns til starfa á t.d. farþegaskipum á grundvelli líkamlegrar eða andlegrar færni, ber lækni að setja slík skilyrði í heilbrigðisvottorð viðkomandi.

Viðurkenndur læknir metur líkamlegt og andlegt heilbrigði farmanns til starfa á sjó.

Viðurkenndir læknar skulu gæta þess að þeir séu algjörlega sjálfstæðir þegar þeir beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við að framkvæma læknisskoðanir og við útgáfu læknisvottorða. Þeir skulu gæta þess að þeir hafi engin hagsmunatengsl við þann farmann sem kominn er til skoðunar svo sem ættartengsl eða önnur tengsl sem geti orsakað vanhæfni til að gefa út heilbrigðisvottorð vegna útgáfu atvinnuskírteinis til viðkomandi farmanns.

Viðurkenndur læknir skal við læknisfræðilegt mat á heilbrigði ganga úr skugga um að farmaður sé líkamlega og andlega hæfur til þess að gegna stöðu á skipi. Þannig sé líkamlegt og andlegt ástand með þeim hætti að

- a) ástandið teljist ekki ógn við getu farmanns til þess að sinna hlutverki sínu,
- b) öryggi skipsfélaga hans sé ekki ógnað eða
- c) öryggi þess skips sem hann gæti ráðist til starfa.

3.2 Heilsufarsskilyrði

Með læknisskoðun sjófarenda er markmiðið að ganga úr skugga um að farmaður uppfylli eftirfarandi heilsufarsleg skilyrði þess að fá úthlutað alþjóðlegu atvinnuskírteini samkvæmt STCW-samþykktinni.

- a) hafa líkamlegt atgervi, að teknu tilliti til 5. mgr. hér á eftir, til að uppfylla allar kröfur um grunnþjálfun eins og krafist er í 2. mgr. í þætti A-VI/1 í STCW-kóðanum,
- b) hafa nægilega góða heyrn og talgetu til skilvirkra samskipta og geta numið hvers kyns hljóðviðvörðunarmerki,
- c) vera ekki haldnir sjúkdómum, röskun eða skerðingu sem hindrar þá í að sinna skyldum sínum eða bregðast við á neyðarstundu um borð í skipi, á gildistíma heilbrigðisvottorðs,
- d) vera ekki haldnir neinum sjúkdómi sem líkur eru á að versni við að starfa á sjó eða valdi því að farmenn séu óhæfir til slíkra starfa eða að þeir stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu og
- e) taka engin lyf með aukaverkanir sem ætla má að skerði dómgreind, jafnvægi, eða komi með einhverjum hætti í veg fyrir að þeir geti sinnt skyldum sínum eða brugðist við á neyðarstundu um borð í skipi.
- f) Séu ekki á lyfjameðferð sem krefst nákvæms eftirlits og nálægðar við heilbrigðisþjónustu.

3.3 Framkvæmd mats á heilbrigði

Í 4. kafla þessara leiðbeininga er að finna töflu sem vísar í leiðbeiningar um mat á heilbrigði sem finna má í viðauka við reglugerð nr. 676/2015 eða í leiðbeiningum ILO/WHO um framkvæmd læknisskoðana sjófarenda. Við læknisskoðun ber lækni að styðjast við viðeigandi hluta leiðbeininga ILO/WHO í samræmi við töfluna.

Matsblað og heilbrigðisvottorð

Til grundvallar mati á heilbrigði farmanns liggur svokallað matsblað. [Form matsblaðs og heilbrigðisvottorðs er að finna á vef Samgöngustofu](#). Viðurkenndur læknir skal varðveita matsblaðið. Á grundvelli matsblaðsins fyllir viðurkenndur læknir út heilbrigðisvottorð. Afhenda skal farmanni afrit af heilbrigðisvottorðinu og vista það hjá Samgöngustofu með þeim aðgangi sem veittur er samhliða viðurkenningu.

Matsblað

Á matsblaðinu koma fram þau atriði sem læknir skal meta með hliðsjón af alþjóðlegum kröfum. Á matsblaðið skal skrá niðurstöður læknisskoðunar. Matsblaðið skal læknir vista í samræmi við reglur um vistun trúnaðarupplýsinga. Komi til kæru vegna niðurstöðu læknis í samræmi við 2. kafla, verður matsblaðið hluti af gögnum málsins. Starfsólk Samgöngustofu og aðrir sem að málinu koma á kærustigi eru jafnframt bundnir trúnaði. Um kærur vísast að öðru leyti til 2. kafla þessara leiðbeininga.

Heilbrigðisvottorð

Í heilbrigðisvottorð skal skrá niðurstöður mats á grundvelli matsblaðsins. Ávallt skal færa niðurstöður matsins í heilbrigðisvottorð og færa heilbrigðisvottorðið inn í upplýsingakerfi Samgöngustofu. Gildir þá einu hver niðurstaða matsins er. Er þannig komið í veg fyrir að umsækjandi geti leitað til margra lækna í von um þóknanlegt læknisvottorð.

Í heilbrigðisvottorði skulu skráðar niðurstöður af matsblaði.

Niðurstaða mats á heilbrigði farmanns getur verið:

- a) Heilsufar metið fullnægjandi og án athugasemda
- b) Heilsufar metið fullnægjandi en með athugasemd sem þó að mati læknis veldur ekki skerðingu á hæfi eða getu farmanns til að gegna stöðu sem hann hefur réttindi til að gegna.
- c) Heilsufarsskilyrðum ekki fullnægt og farmaður þar með ekki hæfur til þess að gegna þeirri stöðu sem hann hefur réttindi til að gegna.

Ef farmaður fullnægir ekki skilyrðum til að geta annast vaktstöðu á stjórnþalli, kann hann eigi að síður að fullnægja skilyrðum um að geta sinn hlutverki á neyðarstundu.

Teljast ásigkomulag farmanns, að læknisskoðun lokinni, ekki fullnægja heilsufarsskilyrðum, getur læknir valið um að:

- a) Setja takmörkun í lengd gildistíma læknisvottorðs, ef ástæða er til að farmaður komi aftur til skoðunar fyrr en við tveggja ára endurnýjun.
- b) Setja athugasemd í læknisvottorð um að læknisskoðun hafi leitt í ljós að skilyrðum um hæfi og getu farmanns sé ekki að fullu fullnægt og farmaður er ekki hæfur til að sinna þeim störfum á skipum sem hann hefur réttindi til að gegna.
- c) Sett skilyrði um notkun hjálpartækja sem farmanni sé skylt að nota við störf sín.
- d) Úrskurða að farmaður fullnægi ekki skilyrðum um heilbrigði en að mögulega sé um að ræða tímabundið ástand eftir slys eða sjúkdóma þannig að tilefni sé til að farmaður komi til endurskoðunar að tilteknum tíma liðnum.

Heilbrigðisvottorð skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. Stjórnvald og þær kröfur sem gilda um útgáfu skjalsins.
2. Upplýsingar um farmann.
 - i. Nafn: (skírnarnafn, miðnafn, eftirnafn).
 - ii. Fæðingardagur: (dagur/mánuður/ár)
 - iii. Kyn: (karlmaður/kvenmaður)
 - iv. Þjóðerni.
3. Yfirlýsing viðurkennds læknis.
 - i. Upplýsingar um persónuskilríki.
 - ii. Er heyrn í samræmi við gildandi kröfur?: Já/Nei
 - iii. Er heyrn án hjálpartækja fullnægjandi? Já/Nei
 - iv. Er sjónskerpa í samræmi við gildandi kröfur? Já/Nei
 - v. Er sjón án hjálpartækja í samræmi við gildandi kröfur? Já/Nei
 - vi. Heimilt er að beita prófun í aðgreiningu hliðarljósa (svonefndri lanternuprófun) vegna þeirra farmanna sem starfa nú þegar á sjó, en þess skal þá getið sérstaklega á augnvottorði.
 - vii. Er litskyggni³ í samræmi við gildandi kröfur? Já/Nei
 1. Dagsetning síðasta litskyggniþrófs.
 - viii. Er viðkomandi hæfur til útvarðarskyldna? Já/Nei
 - ix. Eru einhverjar takmarkanir eða hömlur á atgervi? Já/Nei
Ef „já“ skal eftir atvikum tilgreina takmarkanir eða hömlur.

³ Einungis þarf að meta litskyggni á sex ára fresti.

- x. Er farmaðurinn laus við sjúkdóma sem líkur eru á að versni við starf á sjó eða valda því að farmaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni í hættu heilsu annarra einstaklinga um borð?: Já/Nei
 - xi. Staður og dagsetning skoðunar: (dagur/mánuður/ár)
 - xii. Gildislokadagur skírteinis.
4. Heilsufarsmat og undirskrift viðurkennds læknis.
 5. Undirskrift farmanns – staðfestir að farmaður hefur verið upplýstur um efni vottorðsins og um rétt til endurskoðunar ákvörðunar í samræmi við efni þessara leiðbeininga.
 - i. Notast skal við útfyllanlegt heilbrigðisvottorð af vef Samgöngustofu.

Gildistími heilbrigðisvottorðs skal að hámarki vera tvö ár. Sé farmaður yngri en 18 ára skal hámarksgildistími vera eitt ár.

3.4 Notkun hjálpartækja

Þeir einstaklingar sem þurfa að nota gleraugu eða snertilinsur til að sinna skyldum ættu að hafa til reiðu nauðsynleg hjálpartæki um borð í skipi sínu. Ef nauðsynlegt er að nota sjónræn hjálpartæki til að uppfylla settar kröfur ber að tilgreina það í útgefnu heilbrigðisvottorði.

4. kafli - Heilbrigðiskröfur og leiðbeiningar fyrir lækna

Í eftirfarandi töflu er að finna tilvísanir reglugerð nr. 676/2015 og leiðbeiningarefni ILO/WHO sem viðurkenndum lækni ber að styðjast við við framkvæmd heilbrigðisskoðunar.

Atriði til skoðunar	Leiðbeiningar ILO/WHO	Reglugerð nr. 676/2015
Sjón	Bls. 23 – 24	II. viðauki, Tafla A-I
Heyrn	Bls. 25	
Líkamlegt atgervi	Bls. 26 – 28	II. viðauki, Tafla B-I
Notkun lyfja	Bls. 29 – 30	
Viðmið vegna algengra kvilla	Bls. 31 – 47	